

Fundargerð 101. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn miðvikudaginn 3. mars 2016, kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Jón Jóhannsson, Sævar Örn Kristjánsson, Guðmundur Helgi Þórarinsson, Gylfi Ingvarsson, Andrés Bjarnason, Gunnar Sk. Gunnarsson, Þorsteinn Hjálmarsson, Samúel Ingvason

Fjarverandi Guðmundur Sigurvinsson,

Dagskrá :

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 100
2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála
3. Aukið framlag í lífeyrissjóði
4. Framlag vegna stálverkefnis
5. Þjóðfundur um nýtt samningamódel 7. maí n.k.
6. Aðalfundur VM 29. apríl
7. Kjarakönnun VM
8. Gjöf vegna 10. ára afmælis VM
9. Lagt fram til upplýsingar
10. Önnur mál

Mál 1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 100

Fundargerð 100 stjórnarfundar VM samþykkt.

Mál 2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála

Kjarasamningur á kaupskipum. Kaupskipafélögin létu ekki reyna á ráðningarsamband kaupskipamanna við erlend fyrirtæki og sömdu. Samið var um verulegar launahækkanir svo laun vélstjóra á kaupskipum virðast á pari við laun Færeyinga.

Samningur um launalið SALEK samkomulagsins var samþykktur en þátttaka í kosningu var einungis um 14%. Launahækkanir á almennum vinnumarkaði voru jafnaðar við hækkanir á opinberum markaði. Mestu munar um að með samningnum á að jafna greiðslur í opinbera og almennu lífeyrissjóðanna. Kosningin var rafræn og gekk í meginatriðum vel.

Formaður fór yfir stöðuna í ÍSAL-deilunni.

Verkátætlun ASÍ og SA um framkvæmd rammasamkomulags aðila dags. 28.10.2015 og bókana í kjarasamningum aðildarsamtaka ASÍ og SA frá maí og júní 2015.

VM mun manna nefndir iðnaðarmanna vegna þessara verkefna en halda jafnframt áfram viðræðum við atvinnurekendur í málmi um hagræðingu og veikindalaun.

Frágangur samninga við orkufyrirtæki vegna samræmingar við SALK. VM mun ræða við SA um þessar útfærslur.

Vinnustaðaeftirlit. Fyrirspurnir hafa borist frá félögum úti á landi um fjárstuðning til að ráða fólk í vinnustaðaeftirlit. VM hefur gert tillögu um að ASÍ ráði menn í þetta verkefni og félögin fjármagni

stöðurnar. En forseti ASÍ hafnar því. Formaður falast því eftir leyfi til að taka þátt í kostnaði þessara félaga. Það samþykkt.

Mál 3. Aukið framlag í lífeyrissjóði

Skýrsla nefndar sem Félags- og húsnæðismálaráðherra skipaði 6. nóv. 2013 og Pétur H. Blöndal veitti forstöðu. Endanlega skýrsla nefndarinnar frá 10. febrúar 2016 er á vefsvæði stjórnar. Megin umræðuefnið er að ganga frá því hvort og hve stór hluti hækkunar lífeyrissjóðsframlagsins fari í séreign. Þegar niðurstaða fæst verður kosið um þær tillögur. Verkefni VM er að halda lífeyrisnefnd félagsins upplýstri um gang mál og koma viðhorfum nefndarinnar á framfæri.

Mál 4. Framlag vegna stálverkefnis

Eriindi vegna verkefnis SA um nýja námskrá í stálsmiði og málmsuðu. SA fékk verkefnisstjóra, Jón Hjalta til að stýra verkefninu. Efni tölvupóstar frá Jóni Hjalta 10. febrúar 2016.

Verkefnið langt komið og gerð/uppfærsla áfangalýsinga í ferli sem verður lokið fyrir maílok.

Verkið samanstendur af:

- Hugmyndavinna vegna nýrrar námsbrautar
- Innrömmun námsins / samræða við fyrirtækin/hagsmunaaðila
- Gerð námsbrautarlýsingar
- Gerð áfangalýsinga
- Gerð ferilbókar
- Uppsetning námskeiðs fyrir mentora vegna vinnustaðanáms
- Undirbúningur fyrir markaðssetningu námsins
- Verkefnastjórn, funda- og ferðakostnaður

Kostnaður hefur verið áætlaður um 5,3 milljónir við allt verkið. Nokkrum fjármunum hefur þegar verið varið í þetta af hálfu SA og SI, auk vinnuframlags nokkurra sérfræðinga skólanna (VMA og Tækniskólans).

Framlög aðila eru þessi:

- Framlag SA/SI: 2.800 þús.
- Framlag Tækniskólans úr sjóði: 900 þús.
- Framlag VMA og Tækniskólans: Framlag stjórnenda (ígildi 400 þús. til helminga pr. skóla).

Alls eru þetta um 4,1 milljón og því vantar um 1.200 þús. uppá til að klára málið. Nú þegar hefur um 2,5 milljónum verið varið til verksins.

Þess er óskað að VM veiti fjárstuðning fyrir því sem upp á vantar, kr. 1200 þús.

Samþykkt að setja kr. 1.200 þús. í verkefnið.

Mál 5. Þjóðfundur um nýtt samningamódel 7. maí n.k.

Fjöldi fulltrúa ASÍ á Stefnumótið þann 7. maí 2016. VM með 10 fulltrúa.

Mál 6. Aðalfundur VM 29. apríl

Tillaga að stjórnarlaunum fyrir aðalfund 2016.

Samþykkt að stjórnarlaun fylgi kjarasamninsbundnum hækkunum

Tillögur um stjórnarmenn í Akk tímabilið 2016 til 2019

Framboð til stjórnar sjúkrasjóðs VM 2016- 2018

Mál 7. Kjarakönnun VM

Rætt var um kjarakönnun VM. Engar ábendingar komu um eitthvað sem betur má fara. Verið er að endurskrifa skýrsluna með framsetningu sem nú er í tísku, þar sem það á við. Munum bæta við spurningum um starfsaldur í fyrirtæki og hvort viðkomandi sjá sig áfram í viðkomandi fyrirtæki / starfsgrein eftir 1, 3 , 5 ár.

Mál 8. Gjöf vegna 10. ára afmælis VM

Gjöf vegna 10. ára afmælis VM. Samþykkt að styrkja verkefni Krabbameinsfélags Íslands er varða krabbamein í karlmönnum um 5 milljónir króna í tilefni 10 ára afmælis VM. Styrkinn skal eyrnamerkja verkefninu.

Mál 9. Lagt fram til upplýsingar

Kiwanisklúbburinn Hekla – þakkarbréf.

Minnisblað ASÍ um öldrunarþjónustu.

Tillaga ASÍ um stofnun íbúðafélags í tilefni af 100 ára afmæli ASÍ þann 12. mars 2016.

Fréttatilkynning vegna 100 ára afmælis ASÍ.

GR leggur til að ráðningarsamningar starfsfólks verða yfirfarnir með það að markmiði að setja sömu viðmið þ.a. launahækkanir fólks verða þær sömu og mismunandi hækkanir undanfarið verði leiðréttar. Það samþykkt.

Mál 10. Önnur mál

Spurt var um nefndir sem starfsmenn VM eru í. Haldið utanum þetta í ársskýrslu.

Fundi slitið kl. 14:37

Halldór Arnar Guðmundsson ritaði fundargerð